

Ed. 374. Frumvarp til laga [217. mál]
um utanríkisþjónustu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Utanríkisþjónustan fer með utanríkismál og gætir í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum. Hún skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir

- 1) stjórnsmál og öryggismál,
- 2) utanríkisviðskipti, og
- 3) menningarmál.

Utanríkisþjónustan annast í umboði forseta samningagerðir við önnur ríki, nema þar frá sé gerð undantekning í lögum eða forsetaúrskurði.

Þá skal utanríkisþjónustan einnig veita ríkisborgurum vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

2. gr.

Utanríkisþjónustan greinist í utanríkisráðuneytið, sendiráð Íslands, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur.

3. gr.

Yfirstjórn utanríkismálanna er hjá utanríkisráðuneytinu, og hefur það eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd utanríkismála sé framfylgt.

Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sér um daglegan rekstur þess ásamt öðrum starfsmönnum, sem til þess eru skipaðir.

4. gr.

Hafa skal sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur á þeim stöðum erlendis, þar sem slíkt er álitíð nauðsynlegt til gæzlu hagsmuna Íslands.

Ákveða skal með forsetaúrskurði, á hvaða stöðum skuli hafa sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur (sbr. 7. gr.).

Um ákvarðanir samkvæmt þessari grein skal hafa samráð við utanríkismálanefnd.

5. gr.

Heimilt er utanríkisráðherra að fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu eða vera jafnframt fastafulltrúi hjá alþjóðastofnunum.

Fela má forstöðumanni sendiráðs og öðrum sendiráðsmönnum að annast ræðisstörf jafnframt öðrum störfum.

6. gr.

Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar eða sendifulltrúar. Forstöðumenn fastanefnda hjá alþjóðastofnunum eru fastafulltrúar og getur utanríkisráðherra veitt þeim sendiherranafnbót, meðan þeir gegna því starfi, séu þeir eigi skipaðir sendiherrar.

7. gr.

Ræðismenn eru ýmist úr hópi fastra embættismanna utanríkisþjónustunnar, sendiræðismenn, eða valdir til starfa fyrir utanríkisþjónustuna, kjörræðismenn. Hinir síðar nefndu þurfa eigi að vera íslenzkir ríkisborgarar. Þeir taka eigi laun, en heimilt er, ef ástæða þykir til, að greiða þeim skrifstofufé að einhverju leyti.

Aðalræðismenn veita aðalræðisskrifstofum forstöðu, ræðismenn veita ræðisskrifstofum forstöðu og vararæðismenn veita vararæðisskrifstofum forstöðu.

8. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar aðrir en kjörræðismenn skiptast í þessa flokka heima og erlendis:

1. flokkur: Ráðuneytisstjóri. Sendiherrar.
2. flokkur: Skrifstofustjóri. Sendifulltrúar. Aðalræðismenn.
3. flokkur: Deildarstjórar. Sendiráðunautar. Ræðismenn.
4. flokkur: Fulltrúar A-flokks. Sendiráðsritarar. Vararæðismenn.
5. flokkur: Fulltrúar B-flokks. Aðstoðarmenn.

Auk þess starfa í utanríkisþjónustunni skjalavörður utanríkisráðuneytisins, bókarar, ritarar og annað starfsfólk eftir nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

9. gr.

Forseti Íslands skipar þá starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem taldir eru í 1.—3. flokki samkvæmt 8. grein, en utanríkisráðherra þá, sem taldir eru í 4.—5. flokki sömu greinar. Kjörræðismenn eru skipaðir af utanríkisráðherra, nema aðalræðismenn, er forseti Íslands skipar. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

10. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun utanríkisráðherra. Eigi þarf nýja skipun, þótt starfsmaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks samkvæmt 8. grein þessara laga.

11. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 8. gr., er heimilt að ráða menn í utanríkisþjónustuna um tiltekinn tíma til að gegna sérstökum störfum, t. d. sem við-

skiptafulltrúar, fiskifulltrúar, blaðafulltrúar eða menningarfulltrúar. Viðskiptafulltrúar skulu vinna að markaðsleit fyrir íslenzkar afurðir og greiða á annan hátt fyrir viðskiptum við aðrar þjóðir.

Þann tíma, er menn gegna störfum í utanríkisþjónustunni samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þeir, eftir því sem við á, hlíta sömu reglum og fastir embættismenn utanríkisþjónustunnar í samsvarandi störfum.

12. gr.

Í utanríkisráðuneytinu skal vera bókasafn um þjóðarétt og alþjóðamál.

Utanríkisráðuneytið sér um skrásetningu allra samninga Íslands við önnur ríki og útgáfu þeirra.

Auk annarra starfa hefur skjalavörður ráðuneytisins að jafnaði með höndum umsjá bókasafnsins og skrásetningu og útgáfu samninga.

Heimilt er að veita fræðimönnum afnot af bókasafni ráðuneytisins að fengnu leyfi ráðherra.

13. gr.

Heimilt er að fela embættismanni utanríkisráðuneytisins að vera sérstakur eftirlitsmaður sendiráða og ræðisskrifstofa. Skal eftirlitsmaðurinn fylgjast með rekstri sendiráða og ræðisskrifstofa og sjá um að þar sé gætt fyllstu hagkvæmni og sparnaðar. Eftirlitsmaðurinn skal öðru hvoru heimsækja sendiráð og ræðisskrifstofur.

14. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar taka laun samkvæmt almennum reglum um laun starfsmanna ríkisins. Auk þess skulu starfsmenn erlendis fá greiddar staðaruppbætur, sem miðast við kostnað á nauðsynjum (fæði, húsnæði o. fl.) og aðrar sérstakar aðstæður á hverjum stað. Þá skulu starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem dveljast langdvölum erlendis, fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi. Þessar staðaruppbætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum, er utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við utanríkismálanefnd. Reglur skulu settar á sama hátt um greiðslu sjúkrakostnaðar starfsmanna utanríkisþjónustunnar erlendis.

15. gr.

Óheimilt er starfsmönnum utanríkisþjónustunnar að vinna störf utan hennar, nema sérstaklega standi á og samþykki utanríkisráðherra komi til.

Að öðru leyti gilda um starfsmenn utanríkisþjónustunnar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kjörræðismanna.

16. gr.

Starfsmönnum utanríkisþjónustunnar, sem veita sendiráðum forstöðu, og sendiræðismönnum er heimilt að fara með þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra borgara, og einnig, ef annar aðili er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem þannig eru gefin út á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.

Ef ástæða er til, getur utanríkisráðherra veitt kjörræðismönnum sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgrein þessarar greinar.

17. gr.

Kostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar skal innheimta gjald eftir nánari fyrirætlun, er utanríkisráðherra setur með reglugerð.

19. gr.

Utanríkisráðherra setur almennar starfsreglur fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og ákveður starfssvið þeirra.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Haustið 1969 var lagt fyrir 90. löggjafarþingið stjórnarfrumvarp um utanríkisþjónustu Íslands. Var það samið af nefnd, er í voru Benedikt Gröndal, alþingismaður, Gils Guðmundsson, alþingismaður, Ólafur Jóhannesson, alþingismaður, Sigurður Bjarnason, alþingismaður, og Agnar Kl. Jónsson, ráðuneytisstjóri (formaður). Visast hér til athugasemdana við það frumvarp. Frumvarpinu var vísað til allsherjarnefndar neðri deildar, er leitaði um það umsagnar ýmissa aðila, þ. á m. utanríkismálanefndar. Utanríkismálanefnd fól fimm mönnum að athuga frumvarpið, þeim alþingismönnum Birgi Kjaran, formanni nefndarinnar, Gils Guðmundssyni, Ólafi Jóhannessyni og Benedikt Gröndal og Pétri Thorsteinssyni, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Þeir hafa rætt nokkrar breytingar, er frumvarpið í núverandi mynd hefir að geyma. Frumvarpið var rætt á fundi utanríkismálanefndar hinn 11. febrúar 1971. Ofangreindir þingmenn og aðrir meðlimir utanríkismálanefndar eru yfirleitt sammála um meginefni frumvarpsins, en áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um breytingartillögur.

Núgildandi lög um utanríkisþjónustuna eru frá árinu 1941. Eins og lýst er í athugasemdum við frumvarpið, sem lagt var fyrir 90. löggjafarþingið, er orðin þörf á að setja um hana ný lög, er miðast við breyttar aðstæður s. l. 30 ár.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Utanríkisþjónustan sér um stjórnmalasamband hins íslenska ríkis við önnur ríki, samningagerðir, þátttöku í alþjóðastofnunum eða ráðstefnum o. þ. u. l. og gætir yfirleitt hagsmuna íslenska ríkisins og íslenskra ríkisborgara hvar sem er utan Íslands. Hér er vikið að þessu aðalhlutverki utanríkisþjónustunnar, en til áherzlu er sérstaklega tekið fram, að utanríkisþjónustunni beri að helga sig gæzlu hagsmuna þjóðarinnar á sviði stjórnála og öryggismála, utanríkisviðskipta og menningarmála. Nefnd sú, er frumvarpið samdi, leggur á það sérstaka áherzlu, að utanríkisþjónustan á ekki hvað sízt að einbeita sér að utanríkisverzluninni, fylgjast með öllu sem henni við kemur, og einkum og sér í lagi að greiða fyrir sölu allra íslenskra afurða með leit að nýjum mörkuðum fyrir afurðirnar og yfirleitt greiða fyrir aukinni sölu þeirra svo sem frekast er mögulegt.

Um 2. gr.

Hér er getið um höfuðþætti utanríkisþjónustunnar. Hún er í eðli sínu tvíþætt, skiptist í starfsemina heima fyrir annars vegar, þ. e. ráðuneytið, og starfsemina erlendis hins vegar. Sú starfsemi skiptist aftur í þrennt, sendiráðin, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur. Að visu getur verið um það að ræða að hafa þessa skiptingu starfseminnar erlendis ítarlegri, en samkvæmt reynslu undanfarinna ára er þess vart þörf, að ákveða slíkt með lögum. Hér mundi einkum vera um það að ræða að senda til útlanda sendinefndir til þess að starfa að sérstökum verkefnum.

Það nýmæli er í frumvarpi þessu, að „manns“ er felld niður úr orðinu ræðis-mannsskrifstofa og samsvarandi orðum, og notuð orðin aðalræðisskrifstofa, ræðis-skrifstofa, vararæðisskrifstofa, ræðisstörf o. s. frv.

Um 3. gr.

Hér er því slegið föstu, að yfirstjórn utanríkismálanna sé hjá utanríkisráðuneytinu, þ. e. hjá utanríkisráðherra. Þetta var ekki tekið fram í lögnum frá 1941, en sjálfsgagt þykir, að það sé skýrt tekið fram í lögnum, að svo sé.

Um 4. gr.

Í upphafi 2. gr. laganna frá 1941 er svo fyrir mælt, að ríkisstjórnin ákveði með tilskipun á hvaða stöðum vera skuli sendiráð. Ísland hefir nú á seinni árum í nokkrum tilvikum skipað fastanefndir eða fastafulltrúa hjá alþjóðastofnunum og þykir rétt að um ákvarðanir varðandi staðsetningu slíkra stofnana skuli gilda sams konar reglur og um staðsetningu sendiráða. Sama er að segja um sendiráðisskrifstofur. Í eldri lögnum segir, að ríkisstjórnin ákveði þessa staðsetningu sendiráða með tilskipun, eins og að ofan er nefnt, en í frumvarpinu er tekið fram, að staðsetning þessara stofnana skuli ákveðin með forsetaúrskurði og er hér því ekki um raunverulega efnisbreytingu að ræða að þessu leyti til, heldur aðeins ákveðið að láta ákvæðið taka til fleiri stofnana utanríkisþjónustunnar. Hins vegar er það nýmæli í síðustu málsgrein frumvarpsins, að um allar ákvarðanir varðandi staðsetningu umræddra stofnana, þ. e. bæði um stofnun þeirra, hugsanlega tilfærslu og lokun, skuli haft samráð við utanríkismálanefnd. Þar sem utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og ráðuneytinu ber ávallt að bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga, er ekki óeðlilegt, að slík mál sem þessi séu borin upp og rædd í utanríkismálanefnd áður en endanleg ákvörðun er tekin um þau. Hafi stofnun sendiráðs o. s. frv. verið samþykkt í utanríkismálanefnd, ætti þar með líka að vera betur tryggt en ella að nauðsynleg fjárveiting fáiast samþykkt þegar þar að kemur.

Um 5. gr.

Ísland hefir nú stjórnmalasamband við 42 ríki og fastanefndir hjá 6 alþjóðastofnunum. Hinir útsendu fulltrúar, sem gæta hagsmuna Íslands gagnvart þessum erlendu ríkjum og alþjóðastofnunum eru hins vegar aðeins 11 samtals. Í sparnaðarskygni er óhjákvæmilegt að láta alla þessa fulltrúa starfa gagnvart fleiru en einu ríki eða alþjóðastofnun, ef svo ber undir, og því þykir sjálfsgöð ráðstöfun að hafa í lögum þá heimild, sem getið er í 5. gr. 1. mgr.

Ákvæði í 2. mgr. er sett vegna óska, sem ýmis ríki hafa borið fram um, að diplomatiskir fulltrúar gegni jafnframt ræðisstörfum. Sum ríki hafa ákvæði í lögum sínum um að ýmsir löggerningar vegna útlendra aðila geti fengið réttargildi, ef þeir eru staðfestir af ræðismanni hlutaðeigandi ríkis. Af sömu ástæðum hafa nokkur erlend ríki, sem hér hafa diplomatiska sendimenn einnig óskað eftir og fengið þá viðurkennda jafnframt sem ræðismenn.

Um 6. gr.

Hér segir, að forstöðumenn sendiráða séu sendiherrar eða sendifulltrúar. Ekki er minnzt á ambassadora. Um þetta er eftirfarandi að segja:

Samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þóðaréttarins (sbr. t. d. Vínarsamninginn um stjórnmalasamband frá 1961) skiptast forstöðumenn sendiráða í þessi þrjú stig:

- a) sendiherrar, er hafa ambassador, nuncio eða annað samsvarandi stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;
- b) sendiherrar, er hafa envoy, minister eða internuncio stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;
- c) sendifulltrúar (chargé d'affaires), sem hafa umboð gagnvart utanríkisráðherra.

Sendiráð, er sendiherrar í a-flokki samkvæmt ofansögðu veita forstöðu, nefnast á erlendum málum embassy eða ambassade, en þau sem sendiherrar í b-flokki eða sendifulltrúar veita forstöðu, nefnast legation.

Sendiherrar í a-flokki samkvæmt ofansögðu hafa á íslenzku verið nefndir ambassadorar til aðgreiningar frá sendiherrum í b-flokki. Hins vegar hefir engin aðgreining verið gerð í íslenzku á *embassy* og *legation*, heldur hefir orðið sendiráð verið látið tákna hvort tveggja.

Ofangreind þrískipting forstöðumanna sendiráða var fyrst ákveðin á Vinarfundinum 1815 (á ráðstefnu í Aachen 1818 var bætt við fjórða stiginu, *minister resident*, en það hefir lítið verið notað). Í síðari heimsstyrjöldinni fóru sum stórveldin að skiptast á ambassadurum við minni ríki, en fram að því hafði það verið föst regla, að einungis stórveldin skiptust á ambassadurum sín í milli. Nú er svo komið, að flest ríki heims skiptast á ambassadurum, og *envoy*- eða *minister*-stigið er algjörlega að hverfa (b-flokkur samkvæmt áðurnefndri skiptingu).

Af framangreindum ástæðum virðist ekki ástæða til að nota orðið *ambassador*, heldur eingöngu hið ágæta íslenska orð *sendiherra*, sem að jafnaði mundi þá tákna *sendiherra* er hefir *ambassador*-stig.

Þess er enn fremur að gæta, að skiptingin í *sendiherra* með *ambassador*-stigi og *sendiherra* með *minister*-stigi hefir fyrst og fremst þýðingu út á við, þ. e. gagnvart móttökuríkinu. Ekkert er því til fyrirstöðu, að maður, sem skipaður hefir verið sem *sendiherra*, verði tilkynntur sem *minister* gagnvart einhverju ríki, ef ástæða þykir til, en ólíklegt er að til slíks komi.

Hvað snertir *sendifulltrúa*, er hér átt við *chargé d'affaires en titre*, þ. e. fastskipaða *sendifulltrúa*, er afhenda trúnaðarbréf frá utanríkisráðherra sendiríkis til utanríkisráðherra móttökuríkis. Ekki er ástæða til að minnast á í lögunum *chargé d'affaires a. i. (ad interim)*, þ. e. bráðabirgða-*sendifulltrúa*, er veita sendiráði forstöðu um stundarsakir í fjarveru forstöðumanns sendiráðs eða meðan beðið er eftir nýjum forstöðumanni.

Að því er snertir *fastafulltrúa* hjá alþjóðastofnunum, er nauðsynlegt að heimild sé fyrir hendi til að veita þeim *sendiherratitil* meðan þeir gegna því starfi, séu þeir ekki skipaðir *sendiherrar*.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um hina venjulegu flokkun varðandi ræðisskrifstofur samkvæmt almennum reglum þjóðaréttarins. Auk þess er tekið fram, að greiða megi ólaunuðum ræðismönnum skrifstofufé að einhverju leyti, ef ástæða þykir til.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er af stjórnsýsluástæðum að setja ákvæði um tengsl milli starfsflokka fastra embættismanna utanríkisþjónustunnar heima og erlendis, sbr. einnig ákvæði 10. greinar frumvarpsins. Nægilegt þykir að skipta starfsmönnum í 5 flokka.

Um 9. gr.

Í samræmi við ákvæði laganna um stjórnarráð Íslands er hér ákveðið, að forseti Íslands veiti embætti ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra. Sama er látið gilda um aðra, sem eru í sömu flokkum samkvæmt 8. grein. Gert er ráð fyrir, að embættismenn samkvæmt 4.—5. flokki sömu greinar séu skipaðir af ráðherra. Hvað snertir kjöræðismenn er gert ráð fyrir, að forseti Íslands skipi aðalræðismenn, en utanríkisráðherra ræðismenn og vararæðismenn.

Um 10. gr.

Það er grundvallarregla í utanríkisþjónustu allra ríkja að flytja menn að heiman til útlanda, heim aftur og á milli staða erlendis. Fylgir þessu að vísu nokkur kostnaður, en reynslan hefir sýnt, að slíkir flutningar eru nauðsynlegir af ýmsum ástæðum.

Samkvæmt greininni er það lagt á vald utanríkisráðherra að ákveða tilflutninga starfsmanna. Hvað snertir *sendiherra* hlýtur þó atbeini forseta Íslands að koma til,

því að hver sendiherra verður að fá trúnaðarbréf frá þjóðhöfðingja sínum til að afhenda þjóðhöfðingja móttökuríkisins.

Ákvæði síðari hluta greinarinnar er til þess að komizt verði hjá að gefa út skipunarbréf (forseta- og ráðherraskipanir) og lausnarbréf í hvert skipti, sem menn flytjast milli starfa í utanríkisþjónustunni. Um skipun verður aðeins að ræða í fyrsta skipti, og eins ef menn eru fluttir í hærri flokk. Form skipana þarf að miðast við þetta. Hvað snertir sendiherra, mundu þeir aðeins fá skipun sem sendiherrar, en ekki sendiherrar í ákveðnu landi. Ráðherra getur þá flutt þá úr einni sendiherrastöðu í aðra án þess að lausn og skipun komi til, og hann getur kallað þá heim til starfa í ráðuneytinu, t. d. sem ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, einnig án skipunar og lausnar. Deildarstjóra í utanríkisráðuneytinu er hægt að fela að gegna störfum sem sendiráðunautur erlendis, og flytja hann milli landa sem slíkan án skipunar og lausnar í hvert skipti o. s. frv.

Um 11. gr.

Eins og að framan er sagt verður að leggja á það áherzlu, að utanríkisþjónustan einbeiti sér að viðskiptamálum nú sem fyrr. Verkefnin eru mörg: markaðsrannsóknir, markaðsleit og kynningarstarfsemi, öflun margvíslegra upplýsinga um hráefni, unnar vörur og framleiðsluaðferðir, um erlend fyrirtæki, tollamál, innflutningsreglur o. s. frv.

Íslenzku sendiráðin hafa alla tíð unnið mikið starf á sviði viðskiptamála. En þau eru svo mannfá og verkefnin það mörg á ýmsum sviðum, að eigi hefir verið unnt að fela einstökum starfsmönnum að gegna ákveðnum störfum eingöngu, eins og viðskiptafulltrúastörfum. Það mundi að sjálfsgöðu stórauka möguleika utanríkisþjónustunnar til að greiða fyrir utanríkisviðskiptum, ef hún hefði slíka viðskiptafulltrúa. Þegar fé verður veitt til slíkra sérstarfa, má gera ráð fyrir að viðskiptafulltrúar verði aðallega úr hópi fastra embættismanna utanríkisþjónustunnar. En hér er veitt heimild til að ráða menn til að gegna slíkum störfum án þess að þeir fái til þess embættisskipun. Er gert ráð fyrir að þeir menn yrðu ráðnir til ákveðins tíma í samráði við aðila, er við útflutning og framleiðslu fást, og kemur þá til greina, að slíkir aðilar greiði hluta af launum þeirra.

Heimilað er einnig að ráða tímabundið á sama hátt menn til að gegna störfum fiskifulltrúa, menningarfulltrúa, blaðafulltrúa og öðrum sérstökum störfum í utanríkisþjónustunni.

Um 12. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir því að í utanríkisráðuneytinu sé bókasafn um þjóðarétt og alþjóðamál. Að vísu hefir ráðuneytið undanfarið gert sér far um að kaupa bækur, blöð og tímarit um þjóðarétt og alþjóðamál, sem á þarf að halda, en með því að lögfasta ákvæði um slíkt ætti að skapast betri aðstaða til að skipuleggja þessa starfsemi og koma henni í viðunandi horf. Hér er um grundvallaratriði í starfsemi utanríkisþjónustunnar að ræða. Gert er ráð fyrir að stefnt sé að því að þessi störf séu falin sérstökum skjalaverði, sem einnig mundi þá vinna önnur þýðingarmikil störf fyrir ráðuneytið, svo sem ganga frá milliríkjasamningum, annast skrásetningu þeirra og hafa umsjón með samningasafni ráðuneytisins og fleira þess háttar. Utanríkisráðuneytið telur að þess hafi lengi verið rík þörf að koma þessum málefnum í skipulegt form og fela þau sérstökum starfsmanni.

Það skal einnig nefnt, að fræðimenn um þjóðarétt og alþjóðamál snúa sér iðulega til utanríkisráðuneytisins og biðja um bækur og aðstoð í sambandi við fræðistörf sín og önnur áhugamál, og hefir þá að sjálfsgöðu verið reynt að veita þeim úrlausn þrátt fyrir erfið skilyrði. Ef þetta ákvæði sem hér er ræðir yrði að lögum mundi verða að því mikill hagur fyrir starfsemi utanríkisráðuneytisins og margra aðila aðra.

Um 13. gr.

Hér er rætt um sérstakan eftirlitsmann með sendiráðum og ræðisskrifstofum. Ekki er til þess ætlað að stofnað verði nýtt embætti í þessu augnamiði, heldur verði embættismaðurinn í utanríkisráðuneytinu falið eftirlitsstarfið ásamt öðrum störfum hans þar og honum falið að gegna starfinu um tiltekinn tíma.

Ríkisbókhaldið og ríkisendurskoðunin fylgist með fjárreiðum sendiráða og ræðisskrifstofa. Og Fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefir sama hlutverki að gegna varðandi sendiráðin og ræðisskrifstofurnar eins og varðandi aðrar ríkisstofnanir. En þeir sem bezt geta leiðbeint um fyrirkomulag í sendiráðunum og rekstur þeirra eru reyndir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, enda tíðkast slíkt eftirlit í utanríkisþjónustu flestra annarra landa.

Um 14. gr.

Hún fjallar um launakjör starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Þeir, sem heima starfa fá að sjálfsögðu laun eftir sömu reglum og aðrir stjórnarráðsmenn. Þeir, sem erlendis starfa skulu og fá þessi sömu laun en til viðbótar staðaruppbót eftir því sem dýrtíð segir um á hverjum stað. Hér er um að ræða breytingu á þeim reglum sem hingað til hefir verið fylgt. Launakjörin erlendis eru og hafa frá upphafi verið ákvæðin þannig, að gerð hefir verið tillaga um tiltekin mánaðarlaun í mynt hlutaðeigandi lands, eftir því sem talið hefir verið hæfilegt í hverju einstöku tilviki. Þessi aðferð er ekki heppileg og þarf að breyta til. Mundu launin hér eftir geta komið réttlátara og betur út, ef fylgt er breytingum á dýrtíð og lífskjörum, sem verða á hverjum stað, eftir því sem framfærsluvísitala og fleiri atriði, sem hér koma til greina, gefa tilefni til.

Það getur verið mikilvægt fyrir starfsmenn, sem dvelja langdvölum erlendis, að geta kostað börn sín til menntunar hér heima, en slíkt er æði kostnaðarsamt. Flest ríki reyna að veita utanríkisstarfsmönnum sínum fjárhagslega aðstoð í þessum efnum, og telur nefndin sanngjarnt að slíkt verði einnig gert hér. Er því í greininni ákvæði um að starfsmenn utanríkisþjónustunnar skuli, þegar svo stendur á, sem nú var getið, fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi. Sjúkrakostnaður getur orðið afar mikill í sumum löndum, þar sem sendiráðin eru, og er mjög mismunandi frá einu landi til annars. Þarf því að setja reglur um greiðslu sjúkrakostnaðar starfsmanna utanríkisþjónustunnar erlendis.

Í greininni er ákvæði þess efnis, að um staðaruppbætur sé haft samráð við utanríkismálanefnd varðandi þær meginreglur, sem miða skuli við í þessu sambandi. Sama er að segja um sjúkrakostnað.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Í nágildandi lögum er sendimönnum óheimilt að taka laun eða þóknun fyrir aukastörf.

Um 16. gr.

Hún er tekin óbreytt að efni til úr nágildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Hún þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Hún þarfnast ekki skýringa, er tekin nálega óbreytt úr nágildandi lögum, 9. gr. Utanríkisráðherra kemur í stað ríkisstjórnarinnar.

Um 19. gr.

Hún er nálega óbreytt eins og er í nágildandi lögum, 10. gr. Utanríkisráðherra kemur þar í stað ríkisstjórnarinnar.

Um 20. gr.

Hún þarfnast ekki skýringa.